

SAMPYKKT
um breytingu á samþykkt um stjórn Flóahrepps, nr. 798/2013,
með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 8. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Sveitarstjórn Flóahrepps heldur reglulega fundi sveitarstjórnar í Þingborg, fyrsta þriðjudag hvers mánaðar kl. 8.30.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. samþykktarinnar:

- a) 2. töluliður A-liðar greinarinnar fellur brott og númeraröð annarra töluliða breytist í samræmi við framangreint.
- b) 6. töluliður B-liðar greinarinnar breytist og verður svohljóðandi:
Menningarnefnd Flóahrepps: Þrír fulltrúar og þrír til vara. Nefndin er sveitarstjórn til ráðuneytis í menningarmálum og hefur frumkvædi að tillögugerð á því sviði til sveitarstjórnar og hefur umsjón með menningarviðburðum.
- c) 13. töluliður B-liðar greinarinnar breytist og verður svohljóðandi:
 Stjórn Umhverfis og tæknisvið uppsveita bs. (UTU, byggðasamlag Ásahrepps, Bláskógarbyggðar, Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps), fer með stjórn byggðasamlagsins skv. sérstökum samningi. Flóahreppur skipar einn aðalmann og annan til vara í stjórnina. Framsals- og valdheimildir til skipulagsnefndar uppsveita, skipulags- og byggingarfulltrúa ásamt tæknisviði UTU fara eftir ákvæðum samnings og samþykktta fyrir Umhverfis- og tæknisvið uppsveita bs.
- d) Við B-lið 41. gr. bætist nýr töluliður sem verður 15. töluliður svohljóðandi:
Ungmennaráð Flóahrepps: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Fulltrúar skulu vera á aldrinum 14-20 ára. Ráðið skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í æskulýðs- og tómstundamálum og hafa frumkvædi að tillögugerð á því sviði til sveitarstjórnar.
- e) Við B-lið 41. gr. bætist nýr töluliður og verður 16. töluliður svohljóðandi:
Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er sveitarstjórn til ráðuneytis við umsjón og rekstur vatnsveitu, ljósleiðara og ýmsar verklegar framkvæmdir sveitarfélagsins.
- f) Við B-lið 41. gr. bætist nýr töluliður sem verður 17. töluliður svohljóðandi:
Öldungaráð: Sveitarfélöginn Bláskógarbyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur skipa í sameiginlegt öldungaráð. Einn fulltrúi er tilnefndur af samtökum eldri borgara í hverju samstarfssveitarfélaganna og einn til vara. Í öldungaráðið eru einnig skipaðir tveir fulltrúar frá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings og skal annar þeirra vera félagsráðgjafi eða með hliðstæða menntun. Einn fulltrúi er tilnefndur af Heilbrigðisstofnun Suðurlands og skal hann hafa þekkingu á öldrunarþjónustu. Hlutverk öldungaráðs er að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu. Að gera tillögur til sveitarstjórnar um öldrunarþjónustu. Að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfust og kynna öldruðum þá kosti sem eru í boði.

3. gr.

Við samþykktina bætist viðauki um fullnaðarafgreiðslu atvinnu- og umhverfisnefndar Flóahrepps í samræmi við heimildir í 30. gr. samþykktarinnar, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Viðaukinn er birtur með samþykkt þessari.

Nr. 1553

30. desember 2020

4. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Flóahrepps hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 30. desember 2020.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.

VIÐAUKI

**við samþykkt um stjórn Flóahrepps um fullnaðarafgreiðslu
atvinnu- og umhverfisnefndar.**

1. gr.

Atvinnu- og umhverfisnefnd er falið að taka fullnaðarákvörðun um matsskyldu framkvæmdar þegar sveitarfélagið sjálft er framkvæmdaraðili, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með síðari breytingum.

2. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu atvinnu- og umhverfisnefndar eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í nefndinni með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji atvinnu- og umhverfisnefnd að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal nefndin taka málid upp að nýju. Þá skal aðila leiðbeint um rétt sinn til að skjóta afgreiðslu nefndarinnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan tiltekins frests, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

B-deild – Útgáfud.: 15. janúar 2021